

Stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur hefur lesið og kynnt sér „Landsáætlun í skógrækt - drög að lýsingu“ og fagnar því að þessi vinna er hafin. Um leið tekur Skógræktarfélag Reykjavíkur undir með samþykkt aðalfundar Skógræktarfélags Íslands, að séð verði til þess að fjármagni verði veitt til þess að gerð verði Landsáætlun í skógrækt. Telja verður fullvíst að ekki verði unnið að Landsáætlun nema til komi töluverðir fjármunir. Hvort slíkir fjármunir eru til reiðu verður að teljast prófsteinn á gildi nýju skógræktarlaganna.

Á þessu stigi málsins eru einungis til umsagnar drög að lýsingu landsáætlunar í skógrækt. Samt er ástæða til að minna á, að forsendur sem kynntar eru fyrir áætluninni virðast mjög á reiki. Blandað er saman nýsamþykktum lögum um skógrækt (svo sem eðlilegt er), alþjóðasáttmálum og alþjóðlegum samþykktum um skógræktarmál (sem er eðlilegt) og síðan skoðunum frá framkvæmdarvaldinu (ráðuneyti umhverfis- og auðlindamála). Tveir fyrrnefndu liðirnir eru réttmætir, þar sem þau stefnumið sem þar birtast hafa fengið eðlilega umræðu, innanlands (á hinu háa Alþingi) og alþjóðlega (við gerð alþjóðasáttmála eða sameiginlegra stefnumiða Evrópuríkja, þ.m.t. Íslands). Slíkt á ekki við um síðastnefnda liðinn. Virðist sem skoðun framkvæmdarvaldsins eigi að hafa sama vægi og íslensk lög, alþjóðasamningar og alþjóðlegar samþykktir.

Sem dæmi:

Setning þessi „Gera skal sérstaklega grein fyrir notkun tegunda í skógrækt og tryggja að ekki verði notaðar ágengar framandi tegundir sem numið geta land og dreift sér“ er ekki afrakstur eða niðurstaða af starfi nefndarinnar sem samdi „Landsáætlun í skógrækt - drög að lýsingu“, heldur kemur hún úr skipunarbréfi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til nefndarinnar.

Með þessari setningu er reynt (að því er virðist) að skilgreina upp á nýtt hvað gerir innflutta tegund "ágenga" (og þar með, væntanlega, óæskilega í lífríki Íslands). Skilgreiningin sem þarna birtist er sú, að slík tegund sé sú sem "numið getur land og dreift sér". Við þekkjum dæmi frá flestum innfluttum trjátegundum, að þær hafa sáð sér út. Eru þá flestar – ef ekki allar – þær innfluttu trjátegundir orðnar þar með „ágengar“ með þessari skilgreiningu ráðuneytisins?

Í 5. gr. nógildandi náttúruverndarlaga er "ágeng framandi lífvera" skilgreind með svohljóðandi hætti: "Framandi lífvera sem veldur eða líklegt er að valdi rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni". <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

Hefur nokkur trjátegund á Íslandi hingað til verið staðin að því að „rýra líffræðilega fjölbreytni“? Er nokkuð sem bendir til þess að einhver þessara tegunda sé „líkleg“ er til að valda rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni? Fá rök hniga að slíkum dómi. Þvert á móti.

Sáttmálinn um líffræðilega fjölbreytni hefur skilgreint „ágengar framandi tegundir“ með líkum en ítarlegri hætti en íslenska lagaskilgreiningin - sem tegundir sem valda efnahagslegum eða umhverfislegum skaða eða þær sem geta spilt heilsu manna. Vandséð er, hvernig slíkt á að gerast, þótt einstöku innflutt trjátegund sái sér út á stöku stað á Íslandi.

*„Invasive alien species are plants, animals, pathogens and other organisms that are non-native to an ecosystem, and which may cause economic or environmental harm or adversely affect human health.“* <https://www.cbd.int/idb/2009/about/what/>

Jóhannes Benediktsson

Formaður Skógrækarfélags Reykjavíkur